

Væri ekki bara best að spyrja ungmennin?

Vinnuskólar á Íslandi

Marta Magnúsdóttir

20.11.2020

Hvað er vinnuskóli?

Markmið með stofnun Vinnuskólans árið 1951 voru þau að tryggja að unglingar í borginni hefðu þroskandi vinnu yfir sumartímann og að ala með þeim almennar dyggðir eins og reglusemi, stundvísi og ábyrgðartilfinningu. Þessi markmið hafa lítið breyst í gegnum tíðina.

Markmið með starfsemi Vinnuskóla Akureyrar er meðal annars að

- Fegra og snyrta umhverfi okkar og halda því óaðfinnanlegu.
- Byggja upp vinnuvirðingu hjá nemendum og flokkstjórum.
- Skapa trausta og sterka liðsheild í öllu starfi Vinnuskólans.
- Bjóða upp á eftirsóknarvert starf í Vinnuskólanum með áherslu á þátttöku unglunga í þroskandi og skapandi starfi.
- Veita unglingum Vinnuskólans fjölbreytileg tækifæri til að fræðast um bæinn og nágrenni hans.
- Kenna unglingum verklag, virðingu, stundvísi og aga.
- Viðhalda jákvæðri ímynd um vinnuskólann og gera hana enn jákvæðari.
- Veita fræðslu á ýmsum sviðum auk forvarna.

Hvað er Vinnuskólinn?

Vinnuskóli Kópavogs er fyrir alla 14-17 ára unglinga í Kópavogi. Allir sem sækja um fá starf í skólanum

Af hverju ætti ég að sækja um starf í Vinnuskólanum?

Þátttaka í Vinnuskólanum er kjörið tækifæri fyrir unglinga til þess að öðlast reynslu af því að vinna sér inn laun á hvetjandi og jákvæðan hátt. Þar gefst unglingum færi á að taka þátt í að snyrta og hirða bæinn sinn, kynnast nýjum félögum og læra heilmikið um umhverfismál, mannleg samskipti og virðingu gagnvart vinnu.



Umboðsmaður barna

10. júlí 2018 · 🌐

...

Embættið hefur ákveðið að taka til skoðunar starfsumhverfi vinnuskóla sveitarfélaganna en engar heildstæðar upplýsingar liggja fyrir um þá starfsemi.

Við sendum því nýverið út bréf til allra sveitarfélaga þar sem óskað var eftir upplýsingum um ýmsa þætti vinnuskólans sem mikilvægt er að fá svör við. Sjá nánar í meðfylgjandi frétt.



Umboðsmaður barna

7. febrúar 2019 kl. 14:03 · 🌐

...

Skýrsla um niðurstöður könnunar um vinnuskóla fyrir ungmenni er komin út.

Helstu niðurstöðurmar eru þær að meirihluta ungmenna á aldrinum 13-15 ára stendur til boða starf í vinnuskóla sveitarfélaga eða um 95%. Í ljós kom að talsverður munur er á þeim launum sem ungmennum eru greidd fyrir starf í vinnuskólanum og veita fæst sveitarfélögin ungmennum endurgjöf að starfi loknu þrátt fyrir að megintilgangur vinnuskólans sé að veita þeim undirbúning fyrir þátttöku á almennum vinnumarkaði.

Skýrslan er aðgengileg á vefsíðunni okkar, sjá meðfylgjandi hlekk.

Einnig er hægt að lesa hana rafrænt hér https://issuu.com/umbodsmadurbarna/docs/sk_rsla_um_vinnusk_lann

Vinnuskóli fyrir ungmenni

Niðurstöður könnunar meðal sveitarfélaga

Janúar 2019



UMBODSMÆKUR BARNNA

Skilgreining á starfsemi vinnuskólans



E I N F A L T

Áhugavert efni um starfsemi vinnuskóla

Félagsmálaráðuneyti: Reglugerð um vinnu barna og unglinga 426/1999 <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/426-1999>

Dæmi um starfsreglur vinnuskóla: Sjá dæmi:

Akureyrarbær <https://www.akureyri.is/is/thjonusta/menntun/vinnuskoli/starfsreglur>

Dæmi um vinnureglur leiðbeinenda: Sjá dæmi:

Akureyrarbær: <https://www.akureyri.is/is/thjonusta/menntun/vinnuskoli/vinnureglur-leidbeinenda>

Skýrsla Umboðsmanns barna um vinnuskóla

https://issuu.com/umbodsmadurbarna/docs/skrsla_um_vinnuskolann?fbclid=IwAR3-QtrOI_Fkr_CnGkuPhyuDdIFxhWCvufe4vzUpqoq3o6u-7e6hulxHEmSU

Heimasíða Vinnuskóla Reykjavíkur: <http://vinnuskoli.is>

Upplýsingar frá vinnueftirlitinu: <https://www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/vinna-barna-og-unglinga/>

Dæmi um handbækur vinnuskóla: Sjá dæmi:

Vogar: <https://www.vogar.is/static/files/Vinnuskolinn/handbok-vinnuskolans-2020-vogar.pdf>



Dæmi um fréttir af vinnuskólum

Hverfisblöð og aðrir miðlar taka vel á móti fréttum af starfi vinnuskólans. Það skiptir máli að það sé jákvætt umtal um vinnuskólann. Ætlið þið að senda þeim frétt?

https://www.mbl.is/frettin/innlent/2015/07/29/faranlegt_ad_thau_hafi_nad_ad_gera_thetta/

https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2013/08/19/vilja_staekka_vinnuskola_um_sjavarutveg/

https://www.mbl.is/frettin/innlent/2013/08/09/kynna_ser_fiskverkun_i_grindavik/

https://www.mbl.is/frettin/innlent/2013/06/03/fengu_ad_spreyta_sig_i_verkmenntaskolanum/

<http://www.grindavik.is/v/22813>

Sjálfsrýni og endurgjöf ungmenna í vinnuskóla.

Leiðbeiningar um notkun eyðublaðsins á næstu blaðsíðu.

Til að þetta eyðublað nýtist sem best er eftirfarandi mikilvægt:




- að vinnuskólinn hafi skýr markmið – áður en auglýst er eftir umsóknum
- að ungmennin hafi skilning á markmiðum vinnuskólans
- að frá fyrsta degi viti ungmennin til hvers sé ætlast af þeim í starfinu
- að á fyrsta starfsdegi kynni flokkstjóri eyðublaðið fyrir ungmennunum og hafi í huga leiðbeiningar hér fyrir neðan.

1. Útskýrið fyrir hópnum hvað þið eruð að fara að gera - þau eru að fara að setja sér markmið fyrir starfstímabilið. Hvetjið þau til þess að vanda sig og svara af kostgæfni. Þau séu mörg hver að hefja atvinnuferilinn sinn og gera þeim grein fyrir tækifærinu sem felst í því að standa sig vel í starfi. T.d. spyrja þau hvaða þýðingu það getur haft í framtíðinni að fá góð eða slæm meðmæli úr vinnuskólanum?
 - a. Kynnið eyðublaðið vel fyrir þeim. Passið að allir hafi skilning á blaðinu. Betra að útskýra einu sinni fyrir öllum heldur en fyrir hverjum og einum. Eftir að þau eru sjálf komin með blöð og skriffæri verður erfiðara að fanga athygli þeirra.
2. Biðið þau að koma sér fyrir þannig að þau geti ekki lesið skjölin hjá sessunaut sínum og öfugt. Afhendið hverju ungmenni útprentað blað og skriffæri.
 - a. Það getur verið snjallt að eiga auka eintak og hengja það upp á vegg, t.d. þar sem þau mæta til vinnu. Skjalið verður þar af leiðandi dagleg áminning. Einnig mætti t.d. senda foreldrum tömt eyðublað til kynningar.
3. Gefið þeim tíma til að gera þetta vel og ígrunda svör sín.
 - a. Það er snjallt ef yfirmaður gengur á milli og spyr hvern og einn opinna spurninga t.d. „hvers vegna ...?“ og „af hverju ...?“ Helst ekki spyrja lokaðra spurninga, þ.e.a.s. sem hægt er að svara með einu „já“ eða „nei“.
 - b. Sýnið þeim í verki að þið veitið því athygli og hafið áhuga á því sem þau skrifa. En ekki hafa áhrif á svör þeirra.
 - c. Athugið - ef þið þekkið markmið ungmennanna vel mun það auðvelda ykkur að hvetja þau áfram síðar meir.
4. Safnið blöðunum saman og geymið þau í læstum skáp eða sambærilegu. Áriðandi er að tryggja að enginn skoði blöðin.
5. Þegar tímabilið er hálfnað: Nú endurtökum við ferlið, með aðeins breyttu sniði. **Á þessum tímapunkti er einnig mjög jákvætt að gefa þeim kost á að segja hvað þeim finnst um vinnuskólann og nýta svörin til að bæta skólann á seinni helmingi tímabilsins. Sjá nánar í kaflanum „Endurmat“.**
6. Áður en þau fá blöðin sín og skriffæri getið þið nýtt tækifærið og kynnt næsta skref fyrir þeim, sem er að meta störf fyrri helmings tímabilsins.
7. Hér er upplagt að spyrja hópinn spurninga líkt og „hvað höfum við verið að gera undanfarnar tvær vikur?“
8. Allir fá blaðið sitt og skriffæri og fylla út sjálfsmatið og endurmatið, og klippa út. Endurmatinu skila þau t.d. í poka. Spyrjið þau hvað endurmat er og verið viss um að þau átti sig á því að þau geti haft áhrif á skólann í gegnum svör sín. Látið þau vita að það sé þeim sjálfu fyrir bestu að gefa einlægt mat á eigin störf. Matið hafi ekki áhrif á laun. Þetta sé til þess að gefa þeim hugmynd um veikleika sína og styrkleika sem starfsfólk. Það verði síðan áhugavert fyrir þau að bera sjálfsmatið saman við hvernig þau met störf sín við lok tímabilsins. Ítrekið að þetta skjal sé þeirra eign og gögnum verði ekki dreift með neinum.
9. Við starfslok, á síðasta degi, er ferlið endurtekið. Nú meta þau störf sín og viðhorf á seinni helming vinnutímabilsins. Hér þurfið þið einnig skær. Nú fá þau einnig aftur að skila endurmati á vinnuskólanum. Yfirmenn eru hvattir til að ganga á milli og veita hverjum og einum athygli fyrir eyðublaðið sitt. Einnig má við þetta tækifæri fá ungmenni á stuttan „fund“ við yfirmann og spyrja ungmennið spurninga eins og „Hvernig hefur þér þótt að starfa í vinnuskólanum? Hvernig hefur þú staðið þig sem starfsmaður? Hver er þinn skiliningur á markmið vinnuskólans? Viltu koma einhverju á framfæri varðandi tímabilið/vinnuskólann? Sjá minnispunkta um slík samtöl neðar í þessu hefti.
10. Yfirmenn safna blöðum saman og gefa sér tíma til að semja meðmæli fyrir ungmennin. Ath. Kostur er ef drög eru tilbúin áður en ungmennin fylla út þriðja og síðasta dálkinn. Um leið og því er lokið getið þið svo skrifað meðmælin á blaðið þeirra. Best er að afhenda ungmennunum bréfið áður en þau fara heim síðasta vinnudaginn og gefa þeim tækifæri til að spyrja ef þau hafa einhverjar spurningar um meðmælin.
11. *Ef þið viljið gera þetta rafrænt þá getið þið t.d. notað spurningarnar á eyðublaðinu á næstu blaðsíðu og útbúið rafræna könnun, t.d. Survey Monkey eða Google forms.*

Gangi ykkur vel!

Vinnuskóli: Sjálfsrýni og endurgjöf. Þetta blað er eign:

Timabil:



A: Tílfyrirmyndar
E: Óviðunandi
B, C, D: Þar á milli

Á þessa kvarða ætlar þú að: fylgir þú fyrirmælum hvernig er framkoma þín við samstarfsfélagi eigið markmið

- ✓ Skrá markmið þín í upphafi starfs.
- ✓ Skrá þitt eigið mat á þínum störfum og viðhorfi þegar tímabilið er hálfnað og við starfslok.

Tómur kvarði merkir óviðunandi og útfylltur merkir til fyrirmyndar. Gættu þess að skrá mat þitt vandlega á kvarðana. Þar að auki er í góðu lagi að skrifa athugasemdir þínar við kvarðana. Þetta blað er þín eign, yfirmaður þinn geymir það þar til þú færð það afhent við starfslok.

Hvernig er framkoma þín við samstarfsfélaga?

--	--	--

Gætir þú að því að fá nægan svefn?

--

Gefðu vandvirkni
þinni einkunn.

Ferðu vel með eigur
sveitarfélagsins?

10

Eiqið markmið:

--

Sýnir þú frumkvæði?

--	--	--

Hver eru afköst þín í starfi?

--	--	--

Gætir þú að öryggi?

10

Ertu stundvís?

--	--	--

Fylgir þú fyrirmælum?

--

Útfyllist af yfirmanni: Meðmæli um starfsmann:

Stundvísi: mjög góð/viðunandi/óviðunandi

[illegible]

Hvað finnst ungmenningnum um vinnuskólann?

Endurmat = að meta eitthvað eftir.

- Að hlusta og taka tillit til skoðanna ungmennanna er líklega er ein besta leiðin til að þróa og bæta vinnuskólann og efla áhuga ungmennanna.
- Best er að endurmat sé framkvæmt að minnsta kosti þegar tímabil er hálfnað og í lok þess.
- Dæmi um formlegt endurmat er að ungmennin svari könnun. Almenn er miðað við slíkt sé nafnlaust.
- Hér á næstu blaðsíðu fylgja dæmi spurningar fyrir endurmatskönnun.

Dæmi um tölvupóst til að senda foreldrum:

Titill:

„Viðhorf barna til Vinnuskóla [sveitarfélag] [ár - Könnun]“

Efni:

„*Tölvupóstur sendur á foreldra allra ungmenna í vinnuskóla [sveitarfélag, ár]

Vinnuskóli [sveitarfélag] vill stöðugt leita leiða til að auka gæði starfsins, skoðanir ungmennanna gegna þar lykilhlutverki og við óskum eftir því að þú hvetjir þitt ungmenni til að svara eftirfarandi könnun af kostgæfni. Vinsamlega gættu þess að hafa ekki áhrif á hverju þau svara.

Könnuninni er ætlað að kanna viðhorf ungmennanna í vinnuskólanum sumarið [ár]. Könnunin tekur um x mín, hún er nafnlaus og verður opin í 10 daga. Hlekkur á könnun: _____.”

Óformlegt endurmat er líka gagnlegt, það mætti framkvæma með því að spyrja ungmennin í lok hvers dags t.d.:

„Hvað var jákvætt við daginn í dag?“

„Hvað var neikvætt við daginn í dag?“

„Hvað getum við gert betur/öðruvísi á morgun?“

Góð hugmynd:

„Nemendur í Vinnuskóla Grindavíkur hafa lagt sig fram um að halda bænum okkar snyrtilegum í sumar. Þessa vikuna er hefðbundið starf Vinnuskólans brotið upp og settust nemendur t.d. niður í gær með stjórnendum skólans og glimdu við spurninguna hvernig Vinnuskóli Grindavíkur verði draumavinnustaður. Notast var við aðferðafræði sem nefnist heimskafti þar sem nemendum var skipt niður í hópa sem ræddu sín á milli.

Nemendurnir ræddu fjölmargar hugmyndir sem gætu gert Vinnuskóla Grindavíkur að enn betri vinnustað. Meðal hugmynda sem fram komu voru hærri laun, lengra helgarfrí, lengri kaffitímar, frjáls mæting þegar rignir og að Grindavíkurbær útvegi nemendum snúða í kaffitímum. Stjórnendur Vinnuskólans koma til með að vinna úr hugmyndum nemenda á næstu vikum og hafa þær í huga þegar skipulag næsta sumars er ákveðið.“

Dæmi um spurningar sem endurmatið gæti innihaldið:

Rafræna könnun má setja upp á netinu, t.d. Google forms eða annað.

Aðstæður vinnuskóla eru ólíkar - Reynið að hafa ekki óþarfa spurningar heldur veljið úr þær sem eiga best við ykkar starfsemi.

1. Í hvaða bekk varstu í vor?
 - a. 8. bekk
 - b. 9. bekk
 - c. 10. bekk
2. Hvert er kyn þitt:
 - a. Kvenkyn
 - b. Karlkyn
 - c. Annað
 - d. Kys að gefa ekki upp
3. Í hvaða skóla varstu síðasta vetur?
4. Í hvernig hóp starfaðir þú?
 - a. *Dæmi um mismunandi vinnuskólahópa
5. Hvort hentar þér betur
 - a. að vinna stuttan vinnudag yfir lengra tímabil
 - b. að vinna langan vinnudag yfir styttra tímabil
6. Ertu með einhverjar tillögur um hvað mætti betur fara í vinnuskólanum?
(athugaðu að þú getur hakað við fleir en einn reit)
Leiðbeinendur mættu hafa hlotið meiri þjálfun
Fjölbreyttari verkefni
Skýrari verklýsingar
Skýrari markmið
Erfiðari verkefni
Léttari verkefni
Mikilvægari verkefni
Öðruvísi eða betra skipulag
Öðruvísi hópaskiptingu
Betri vinnuáðstöðu
Fleiri öryggisráðstafanir
Nei, ekkert sérstakt
Annað: _____ [auður dálkur]
7. Hefur þú lent í einhverju af eftirtöldu í starfi í sumar?
(athugaðu að þú getur hakað við fleiri en einn reit)
Aðkasti með orðum (t.d. einhver sagði eitthvað særandi við þig)
Kynferðisleg áreitni í orðum
Líkamlegu ofbeldi
Stríðni sem lét mér líða illa
Lenti í að talað var illa um mig
Niðurlægingu



Slysi/óhappi sem hefði mátt koma í veg fyrir

Útilokun/hundsun

Ég tók þátt í einhverju af ofantöldu gagnvart öðrum

Ég fann fyrir miklu óöryggi

Ég lenti í einhverju slæmu og lét engan fullorðinn vita.

Ég lenti í einhverju slæmu og lét fullorðinn vita.

Ég lenti ekki í neinu slæmu

Annað: _____ [auður dálkur]

8. Hversu sammála eða ósammála ertu þú eftirfarandi fullyrðingum um vinnuskólann og hópinn þinn?

Leiðbeinandinn minn er góð fyrirmynd

Ég treysti leiðbeinandunum mínum vel

Ef fleiri en einn leiðbeinandi er hægt að endurtaka þessa fyrstu tvo liði

Ég veit til hvers var ætlast af mér í vinnuskólanum

Ég þekki markmið vinnuskólans

Mér líður/leið vel í vinnuskólanum

Kaupið sem ég fæ er sanngjarnt.

Ég hef lært eitthvað nýtt í vinnuskólanum

Ég held að krökkunum í hópnum mínum hafi liðið vel í vinnuskólanum

Ég hafði gott af því að vinna í vinnuskólanum í sumar

Ég hafði almennt áhuga á verkefnum vinnuskólans.

Ég tel að verkefnin sem við sinntum í sumar séu mikilvæg.

Ég er hef sterkari skoðanir á umhverfi mínu eftir sumarið

Yfirmenn mínir gáfu mér rými til að tjá skoðanir mínar á starfsemi vinnuskólans

9. Hvaða verkefnum finnst þér mikilvægt að vinnuskólinn sinni? _____
10. Hvernig myndir þú vilja breyta skipulagi vinnuskólans? _____
11. Hvað telur þú að hefði mátt gera betur í vinnuskólanum í sumar? _____
12. Hvað væri hægt að gera til að vinnuskólinn verði betri næsta sumar? _____

Endurmat – foreldrar

Sumir vinnuskólar spyrja foreldra/forráðamenn um álit þeirra á vinnuskólanum.

Einfalt er að gera könnun á netinu, t.d. Google Forms eða annað og senda hlekkinn á könnunina til foreldra. Könnunina mætti senda á netföng foreldra þegar tímabilið er hálfnað eða/og við lok þess. Mikilvægast er svo að nýta niðurstöðurnar til að bæta starfið.

Snjallt er að senda þessa könnun út á sama tíma og könnunin fyrir ungmennin er send á foreldra.

Dæmi um spurningar sem könnunin gæti innihaldið:

1. Á hvaða aldri var ungmennið þitt í Vinnuskólanum í sumar?
Útskrifaðist úr 8. bekk í vor
Útskrifaðist úr 9. bekk í vor.
Útskrifaðist úr 10. bekk í vor
Vil ekki svara
2. Hver var þín upplifun af Vinnuskóla [sveitarfélag] sumarið [ár]? _____
3. Hefur þú ábendingar um hvað betur má fara í Vinnuskóla [sveitarfélag]? _____
4. Hvað fannst ungmenninu þínu um vinnuskólann í sumar? _____

Dæmi um tölvupóst

Titill:

„Viðhorf foreldra til Vinnuskóla [sveitarfélag] [ár] - Könnun“

Efni:

„*Tölvupóstur sendur á foreldra allra barna í vinnuskóla [sveitarfélag, ár]

Könnuninni er ætlað að kanna viðhorf foreldra og forráðamanna nemenda í vinnuskólanum sumarið [ár]. Könnunin er nafnlaus og verður opin í 10 daga.

Hlekkur á könnun: _____.”

Hvernig fyrirmynd ætlar þú að vera í sumar?

Hugleiðing fyrir flokkstjóra

Í sumar verður þú, sem flokkstjóri, í miklum samskiptum við ungmenni. Veltu fyrir þér og svaraðu eftirfarandi spurningum:

- ✓ Hvernig fyrirmynd vilt þú vera gagnvart ungmennunum?
- ✓ Hvernig geturðu orðið sú fyrirmynd?
- ✓ Varstu í vinnuskóla þegar þú varst ungmenni? Hvað er jákvætt og eftirminnilegt við flokksstjórann þinn?
- ✓ Hvaða fyrirmynd hefðir þú viljað eiga í flokkstjóra þínum þegar þú varst ungmenni í vinnuskóla?
- ✓ Hvað ætlar þú að gera í vinnuskólanum til að vera góð fyrirmynd?

Minnispunktar við skipulagningu vinnuskóla

Hér er blað sem stjórnendur og yfirmenn vinnuskóla geta nýtt sér við skipulagningu starfsins. Það er um að gera að fá ungmenntin sjálf með í að ákveða sumt sem er nefnt hér.

1. Hver eru markmið vinnuskólans:
2. Hver eru gildi vinnuskólans:
3. Hvernig ætlar sveitarfélagið að uppfylla markmið vinnuskólans:
4. Hvaða fræðslu fá flokkstjórar áður en þeir hefja störf?
5. Er litið á ungmenntin sem starfsfólk eða nemendur eða bæði, ef bæði - hvort vegur þá þyngra? Ræðið (Hér er ekki endilega eitt rétt svar, en gott að það sé sameiginlegur skilningur allra sem koma að vinnuskólanum)
6. Hvert er hlutfall fræðslu annarsvegar og vinnu hinsvegar í vinnuskólanum?
7. Hvenær ætlið þið að láta ungmenntin og flokkstjóra framkvæma endurmat á starfsemi skólans (t.d. við miðju og lok tímabils.)?
8. Hvað ætlið þið að gera við niðurstöður endurmatsins?
9. Hverjar eru reglur vinnuskólans?
10. Hver eru viðurlög við agabrotum?
11. Daglegir fastir liðir við upphaf vinnudags:
12. Daglegir fastir liðir við lok vinnudags:
13. Fastir liðir í upphafi/lok viku:
14. Hugmyndir að umbun fyrir vel unnin störf:
15. Hafið þið lesið reglugerð um vinnu barna og unglinga? <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/426-1999>

16. Hver er yfirmaður flokkstjóra/skólastjóra?
17. Hvaða viðbragðsáætlun tekur gildi ef slys verður á starfsmanni undir 18 ára?
18. Hvaða samskipti ætlið þið að hafa við foreldra?
19. Engar reglur gilda um tryggingar barna í vinnuskólanum. Hvernig ætlar sveitarfélagið að tryggja þátttakendur vinnuskólans gegn tjóni sem þeir kunna að verða fyrir í starfinu?
20. Hvaða árgangar fá störf við vinnuskólann í sumar og hve lengi?
21. Hvernig reiknast laun starfsmanna og hvernig mynduð þið útskýra fyrir ungmennum og foreldrum að þau séu með lægri/hærri laun en ungmenni í næsta sveitarfélagi?
22. Hverjar eru reglur yfirmanna ungmennanna? Siðareglur o.þ.h.
23. Hver er trúnaðarmaður ungmennanna, sem þau geta tilkynnt óæskilega hegðun yfirmanns?
24. Hvaða verkefnum sinnir vinnuskólinn? Hafa ungmennin eitthvað um það að segja hvað verður á verkefnalista hópsins?
25. Ímynd vinnuskólans: Hvað viljið þið að vinnuskólinn verði þekktur fyrir? Hvernig mætti stuðla að því?
26. Eigið þið sjúkratösku til að hafa meðferðis? Vitið þið hvað er í sjúkratöskunni?
27. Ætlar vinnuskólinn að lána/gefa ungmennum öryggisbúnað og hlífðarfatnað? Rökstyðjið ákvörðun ykkar.
28. Eruð þið með áætlun um að framkvæma áhættumat í vinnuskólanum áður en ungmenni mæta til starfa?
29. Hvað verður í boði fyrir ungmenni með ofnæmi fyrir gróðri? Hvað verður í boði fyrir ungmenni með aðrar sérþarfir? Verða sérhæfð störf í boði fyrir ungmenni sem sýna mikinn metnað og áhuga gagnvart ólíkum viðfangsefnum? Verður enn fleira í boði fyrir 10. bekkina/pau sem eru að mæta í vinnuskólann þriðja árið í röð?

Ef þú ætlar að ræða við ungmenni um störf þeirra ...

... er gott að hafa eftirfarandi í huga:

Reyndu að ...	Ekki ...
Velja opið svæði fyrir samtalið, t.d. rétt hjá þar sem hópurinn er að störfum.	Ekki vera tvö ein í lokuðu rými. Verið þar sem aðrir sjá greinilega til ykkar.
Setja fram uppbyggilegar og skýrar athugasemdir um leiðir til að bæta hegðun og frammistöðu viðkomandi	Ekki gagnrýna einstaklinginn eða persónulega eiginleika hans og segja t.d. „þú ert algjör letingi.“
Velja orð þín af kostgæfni. Orð þín geta haft mikil áhrif. Fá en vel valin orð geta gert gæfumun.	Ekki tala um allt og ekkert þegar kemur að gagnrýni á hegðun ungmennisins. Mundu að orð þín gætu haft mikil áhrif.
Beita sanngirni. Mundu að þetta er persónulegt álit þitt.	Ekki vera ósanngjarn eða alhæfa, t.d. með því að segja „alltaf“ eða „aldrei“ eða „allir aðrir“.
Að hafa í huga að ungmennið hefur e.t.v. aldrei verið í þessum aðstæðum áður og veit ekki við hverju er að búast. Þetta á að vera uppbyggilegt samtal þar sem báðir aðilar fá að tjá sig.	Ekki grípa frammí fyrir ungmenninu ef það vill tjá sig um endurgjöfina
Settu fram skýrar og vandaðar athugasemdir um leiðir til úrbóta.	Ekki vera með óskýrar kröfur og væntingar enda er tilgangurinn að rýna til gagns.
Að setja fram einlægt mat sem byggir á því sem þú hefur séð og orðið vitni af. Ekki giska ef þú veist ekki eitthvað.	Ekki segja að allt sé í lagi þegar það er ekki.
Bera störf ungmennisins saman við fyrirfram ákveðnar væntingar sem þú hefur um <i>hvernig starfsfólk á að vinna</i> . Miðaðu við þær upplýsingar/leiðbeiningar sem þau fengu í upphafi vinnuskólans.	Ekki bera ungmennið saman við önnur ungmenni.
Sjá til þess að ungmennið viti hvað felst í því að starfa hjá vinnuskólanum.	Ekki æsa þig. Ekki eiga samtal um frammistöðu ungmennanna ef þú ert í ójafnvægi.
Ræða um tillögur að því hvernig megi gera betur áður en samtalinu lýkur. Fá ungmennið sjálft til að koma með tillögur.	Ekki enda samtalið án þess að það hafi komið niðurstaða um hvað sé hægt að gera til að bæta störf viðkomandi.
Að hlusta af virðingu og athygli á það sem ungmennið segir, mögulega hefur það réttmæta gagnrýni á starfið sem jákvætt væri að taka til skoðunar.	Ekki hunsa ungmennið þegar það reynir að tjá sig um starfið og/eða tilfinningar tengdar starfi og starfsumhverfi.
Að hefja setningar „ég“ (... kann að meta þegar þú gengur vel frá verkfærunum.) þegar þú tjáir skoðun þína.	Ekki hefja samtöl á „þú“ (... gengur svo illa frá verkfærunum). Byrjaðu setninguna á mýkri hátt.

Að meta áhættu

Til þess að minnka slysaðættu og gera vinnustaðinn öruggari er gott að notast við áhættumat.

„Áhættumat“ er heiti á einfaldri aðferð við að meta áhættu.

Samkvæmt reglugerð um vinnu og barna unglunga er skylda að framkvæma og fylgja eftir áhættumati. Athugið áhættumat þarf að fara fram áður en ungmennin hefja störf. Einnig er að auki mjög jákvætt að þjálfar ungmennin stöðugt í að meta áhættu og gera öryggisráðstafanir. Áhættumat hefur það markmið að koma í veg fyrir slys!

Vinnueftirlitið býður upp á námskeið í áhættum og öryggisráðstöfunum fyrir flokkstjóra vinnuskóla - Hafið samband við vinnueftirlitið fyrir nánari upplýsingar.

Reglugerð um vinnu barna og unglunga, geinar nr 5, 6 og 26 fjalla um áhættumat: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/426-1999>



Gagnlegt efni um áhættu og öryggi í starfi:

WikiHow leiðbeiningar á ensku um hvernig áhættumat fer fram - Tilvalið að nota þessar leiðbeiningar til viðmiðunar við að þjálfar ungmennin í að meta áhættu og gera öryggisráðstafanir: <https://www.wikihow.com/Write-a-Risk-Assessment>

Breskt myndband sem útskýrir áhættumat: <https://www.hse.gov.uk/simple-health-safety/risk/index.htm>

Myndband um notkun á áhættu-matrixu <https://www.youtube.com/watch?v=E-jfcoR2Wo>

Myndband um áhættusamt starfsfólk https://www.youtube.com/watch?v=qUW_ufuUFIQ

Myndband um hvernig eigi að lyfta boxum: <https://www.youtube.com/watch?v=dQdhykSuKo>

Rafrænt áhættumat, ekki sérhannað fyrir vinnuskóla en það mætti nota flokkinn: „Landbúnaður“: <https://www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/ahaettumat/oira-rafraent-ahaettumat/>

Sniðmát fyrir áhættumat og fleira unnið af vinnuumhverfisnefnd Kennarasambands Íslands, sótt 29.7.2020 <https://www.ki.is/media/nkuiksbh/%C3%B6ryggi-%C3%AD-sk%C3%B3lum-vinnuslys-sni%C3%Bom%C3%Aat.pdf>
<https://www.ki.is/media/li3ivftk/ahaettumat-og-vidbrogd-vid-hotunum-og-ofbeldi-i-skolum.pdf>



Hollráð á fyrir verkstjóra, foreldra ungs starfsfólks, og öryggi ungs starfsfólks. <https://www.vinnueftirlit.is/fraedsla/utqefid-efni/stadreyndablod/>

Dreifibréfið vegna vinnu barna og unglunga 2016

https://www.vinnueftirlit.is/media/dreifibref/Dreifibref_vegna_vinnu_barna_og_unglinga_2016.pdf

Vinnuverndarvikan 2016: Efni sem nýtist varðandi öryggi ungra starfsmanna <https://www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/vinnuverndarvikur/2016/>

Dæmi um áhættumat fyrir vinnuskóla: Sjá dæmi:

Kópavogsbær: <https://www.kopavogur.is/static/files/Utqefid-efni/ahaettumat-fyrir-vinnuskola-nemendur-og-flokkstjora.pdf>

Örugg frá upphafi - fyrir atvinnurekendur: https://www.vinnueftirlit.is/media/born-og-unglingar/orugg_fra_upphafi-atvinnurekendur.pdf

Örugg frá upphafi – fyrir ungt fólk https://www.vinnueftirlit.is/media/born-og-unglingar/orugg_fra_upphafi-ungt_folk.pdf

Glærusýning sem þið getið farið yfir með hópnum ykkar: https://docs.google.com/presentation/d/1ZNKqIVNiv7aoTh6ewLerXtw-61DwYTDqfHx12eUXMYo/edit?ts=cf43d227&fbclid=IwAR3dzprA_Kwd57YT4IZSo4qLDta200qEEeaH-yiTcAfqdaQM_vFMSIoYGEo#slide=id.g5a5ca7ba7f_o_33

Öryggi skiptir máli. Mikilvægt er að þjálfar ungmenni í að meta áhættu og gera öryggisráðstafanir.

Við ólíkar aðstæður er gott að spyrja:

- Hvaða hættur leynast hér?
- Hvað getum við gert til að auka öryggi okkar?



Mynd: Vinnuskóli Reykjavíkur